



Ytri-Neslöndum  
660 Mývatn  
Iceland  
[www.fuglasafn.is](http://www.fuglasafn.is)  
464 4477

**Söfnunar- sýningar- fræðslu- og  
rannsóknarstefna**



## **EFNISYFIRLIT**

1. Kynning.....	3
1.1. Formáli.....	3
1.2. Saga Fuglasafns Sigurgeirs.....	3
1.3. Stjórnskipulag.....	3
2. Söfnunarstefna.....	4
2.1. Fuglar.....	4
2.2. Egg.....	4
2.3. Bátaskýli.....	4
3. Aðföng, forvarsla, geymsla og grisjun.....	5
3.1. Aðföng.....	5
3.2. Forvarsla.....	5
3.3. Skráning.....	5
3.4. Geymsla.....	5
3.5. Lán.....	5
3.6. Grisjun.....	5
4. Sýningarstefna.....	6
4.1. Heimsókn á safn.....	6
4.2. Sýningar.....	6
5. Fræðslustefna.....	7
5.1. Samstarf við skóla.....	7
5.2. Miðlun.....	7
5.3. Sýningar.....	7
5.4. Samstarf.....	7
6. Rannsóknarstefna.....	8
6.1. Talning álfra á Neslandavík.....	8
6.2. Fylgjast með varpi í hólum í Mýatni.....	8
6.3. Varp Flórgoða.....	8
6.4. Dún og eggjataka.....	8
6.5. Sleypnir.....	8
6.6. Nýting Mývatns.....	8
7. Lokaorð.....	9



## **1. Kynning**

### **1.1. Formáli**

Fuglasafn Sigurgeirs er stofnað utan um safn Sigurgeirs Stefánssonar, Ytri-Neslöndum Mývatnssveit, á eggjum og uppstoppuðum fuglum. Sigurgeir var mikill fuglaáhugamaður og var búinn að safna um 320 uppstoppuðum fuglum og eggjum undan öllum Íslenskum fuglum. Hann fórst í slysi í Mývatni árið 1999, eftir það fóru aðstendur hans að byggja hús utan um þessa gripi og koma á fót alvöru safni. Strax í upphafi var einnig ákveðið að byggja utan um Sleyptni, bát Jóns Sigtryggssonar frá Syðri Neslöndum.

### **1.2. Saga Fuglasafns Sigurgeirs**

- Um 1972 Sigurgeir byrjar að safna eggjum.
- 1975 fær Sigurgeir fyrsta uppstoppaða fuglinn.
- Árið 1985 gáfu Jón Sigtryggsson Syðri-Neslöndum og Guðmundur Ingvi Gestsson Geira gamlan Kröfluskúr til að geyma eggin og fuglana.
- 1999 ferst Sigurgeir og þá eru um 320 uppstoppaðir fuglar til og um 100 tegundir af eggjum.
- 2000 koma fyrstu hugmyndir af nýrri safnbyggingu fyrir fuglana.
- 2004 er stofnað einkahlutafélag um uppbyggingu safnsins og er fyrsta skóflustungan tekin 6. ágúst. Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands tekur að sér að vera verndari safnsins
- 2006 er safnbyggingin orðin fókheld.
- 2007 er stofnað sjálfseignarfélag um safnið.
- 17. ágúst 2008 er Fuglasafn Sigurgeirs opnað formlega.

### **1.3. Stjórnskipulag**

Fuglasafnið er sjálfseignarstofnun með 5 manna stjórn sem kosin er til 4 ára í senn. Til að byrja með er forstöðumaður í 50% starfi og safnvörður í 50% starfi auk sumarstarfsmanna.



## **2. Söfnunarstefna**

Söfnunarsvæði Fuglasafns Sigurgeirs er allt landið og miðin með áherslu á Mývatnssveit. Gott og gagnvirkt samráð skal hafa við önnur söfn í fjórðungnum sem og á landinu öllu. Hér á eftir eru söfnunarflokkar safnsins taldir upp.

### **2.1. Fuglar**

Markmiðið er að safna öllum Íslenskum fuglum og flækingum með sérstaka áherslu á endur í Mývatnssveit. Sérstakir fuglar erlendisfá verða einnig til sýnis.

### **2.2. Egg**

Markmiðið er að safna eggjum undan öllum Íslenskum fuglum og flækingum. Sérstök egg erlendis frá verða einnig til sýnis. Leitast við að fá sem flest afbrygði af öllum eggjum.

### **2.3. Bátaskýli**

Bátur Jóns Sigtryggssonar frá Syðri Neslöndum verður til sýnis en hann er eitt fyrsta samgöngutæki Mývetninga. Einnig verður gerð grein fyrir nýtingu manna á Mývatni t.d. sýnd hvernig menn stunduðu veiðar undir ís, fiskuðu á dorg og nýttu eggin.



### **3. Aðföng, forvarsla, geymsla og grisjun**

Söfnun náttúru- og menningarminja er ábyrgðarmikið hlutverk sem Fuglasafn Sigurgeirs leitast við að rækja sem best. Til grundvallar allri meðferð muna, aðföngum þeirra og grisjun skal fylgja siðareglum Alþjóðaráðs safna - ICOM (International Council of Museums). Nærgætni og virðing fyrir safnmunum skal höfð í fyrirrúmi í öllu safnastarfi sem og fyrir fyrri eigendum þeirra.

#### **3.1. Aðföng**

Tekið er á móti munum og það svo metið hvort þeir falli að söfnunarstefnu safnsins og séu sýningarhæfir. Forðast skal að taka við munum er safnið hefur ekki möguleika á að skrá, varðveita, geyma eða sýna við viðunandi aðstæður. Ekki skal að taka við munum sem á einhvern hátt fylgja sérstök skilyrði nema í algerum undantekningartilvikum. Ef svo er gert skal skýrt tekið fram í munaskrá ef einhver skilyrði fylgja safngripnum.

#### **3.2. Forvarsla**

Enn sem komið er hefur Fuglasafn Sigurgeirs ekki haft sérmenntað starfsfólk í forvörslu á sínum snærum. Því skal unnið markvisst að menntun starfsfólks með það í huga og leita til sérfræðinga þegar við á.

#### **3.3. Skráning**

Hver safngripur er skráður í tölvuforritinu Excel. Seint verður ítrekað nóg mikilvægi þess að skráning sé ítarleg og faglega unnin.

#### **3.4. Geymsla**

Geymslupláss Fuglasafns Sigurgeirs er að mörgu leyti gott en sífellt skal endurskoða rýmið með tilliti til nauðsynlegra forvörsluskilyrða.

#### **3.5. Lán**

Fuglasafn Sigurgeirs leitast við að vera í góðu samstarfi við þá sem þess óska um lán á safngripum. Aðbúnaður og meðferð umrædds munar skal þó ætíð höfð í fyrirrúmi. Fuglasafn Sigurgeirs getur einnig óskað eftir munum að láni, bæði frá öðrum söfnum sem og stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum. Mikilvægt er að hafa samstarf öllum aðilum til hagsbóta.

#### **3.6. Grisjun**

Skýrt afmörkuð söfnunarstefna sem fylgt er vel eftir gerir það að verkum að grisjun eða förgun safngripa verður óþörf. Meginregla í safnastarfi er sú að ef tekið hefur verið við grip til varðveislu þá skal hann verða hluti af safnkosti viðkomandi safns um ókomna tíð.



## 4. Sýningarstefna

### 4.1. Heimsókn á safn

Starfsemi safna er greinilegust og aðgengilegust almenningi með sýningum þess. Heimsókn á safn felur í langflestum tilfellum í sér að gesturinn skoðar sýningar þær sem boðið er upp á og mikilvægt er að þær séu sem best úr garði gerðar. Söfn eru í samkeppni við aðra dægradvöl sem í boði er, en auk skemmtunar eru jafnframt gerðar kröfur um að safnaheimsókn fræði gestinn. Síðustu ár hefur jafnframt verið tilhneiging til að reyna að höfða til reynsluheims gesta þannig að tilfinningaleg upplifun eigi sér stað.

Ekki er hægt að ganga út frá einsleitum hópi þegar talað er um safngesti – íslenskir og erlendir ferðamenn, mismunandi aldurshópar, nemendur á öllum skólastigum, fræðimenn, eldri borgarar og vinnustaðahópar eru aðeins lítill hluti þeirrar margbrotnu flóru gesta sem söfn fá í heimsókn til sín og reyna að höfða til.

Vandaverk er að setja upp sýningu/-ar sem höfða til allra án þess að þær verði útþynntar og missi marks. Ekki skal hikað við að leita til fagfólks þegar kemur að sýningum enda fjöldamargir og mismunandi þættir sem hafa verður í huga. Má þar nefna sýningarhönnun, fræðslugildi, skemmtigildi, forvörslu og uppsetningu viðkvæmra safnmuna, söguleg nálgun og aðgengi svo fátt eitt sé nefnt.

### 4.2. Sýningar

Fastasýning – Skal endurspegla helstu söfnunarflokka safnsins hverju sinni. Hluti hennar skal vera útskiptanlegur þannig að viss endurnýjun verði til staðar. Unnið verði að því að koma á samstarfi við Náttúrufræðistofnun um lán á munum í umsjá þess sem sýndir yrðu á fastasýningunni í vissan tíma og skipt um reglulega.

Mikilvægt er að á fastasýningunni verði jafnvægi náð milli fræðandi þátta sem og atriða sem stuðlað geta að tilfinningalegri upplifun safngesta.

Nemendasýningar – Stefnt að góðu samstarfi við grunn- og framhaldsskóla og hafa nokkrar nemendasýningar og fræðslu í tengslum við vinnu nemenda. Gott er að miða við að árleg nemendasýning verði sett upp.

Sérsýningar – Stefnt að því að hafa möguleika á því að setja upp sérsýningar og fyrirlestra.



## 5. Fræðslustefna

Lengi framan af var fræðsluhlutverkið talið eitt helsta verkefni safna. Áttu þau að geta upprætt og upplýst hinn almenna (ómenntaða) fullorðna einstakling sem síðar stuðlaði að því að gera hann að betri þegn í samfélaginu. Þetta hlutverk er ekki lengur eins yfirgnæfandi í starfsemi safna þótt enn sé keimur af því. Annar skilningur er lagður í hugtakið “fræðslu” og “menntun”. Skemmtimenntun (Edutainment) er hugtak sem hefur verið mjög mikið notað um söfn – þ.e. að þau hafi bæði skemmtunar- og fræðslugildi.

Nýjar stefnur og aukin þekking í kennslufræðum undirstrika það að fólk læri mun frekar ef það tengir upplifununa við sinn eigin reynsluheim.

Einnig hefur verið bent á að gott sé að virkja skilningarvitin öll, sjón, heyrn, lykt og snertingu við fræðslu. Safnið skal leitast við að koma til móts við þetta.

Mikilvægt er að hafa í huga að fræðslustefna tekur ekki bara til skólafólks heldur í raun allra þeirra sem vilja fræðast á söfnum.

### 5.1. Samstarf við skóla

Í aðalnámskrá hvers skólastigs fyrir sig eru söfn oft nefnd og gert ráð fyrir því að þau séu hluti af lífandi og daglegu skólastarfi. Samfélagsgreinar, upplýsingamennt, listgreinar og íslenska, svo eitthvað séu nefnt, tiltaka sérstaklega hlutverk safnanna í því að ná markmiðum námsgreinarinnar. Fuglasafn Sigurgeirs leggur metnað í að auka og bæta samstarf við öll skólastig og þróa, í samvinnu við kennara og nemendur, verkefni sem hæfa bæði viðfangsefni, aldri og áhuga nemenda.

### 5.2. Miðlun

Ný tækni hefur gjörbreytt möguleikum safna á að miðla efni sínu og gera það aðgengilegt. Veraldarvefurinn er þar fremstur í flokki og lögð skal áhersla á að gera heimasíðu safnsins skemmtilega og fróðlega. Mun m.a. verða hægt að nálgast þar verkefni er tengjast úrvinnslu safnaheimsókna skólahópa.

Enn verður þó líka notast við gamlar og vel reyndar aðferðir og útgáfa á skýrslum og öðru efni safnsins í prentuðu formi mun ekki leggjast af.

### 5.3. Sýningar

Eins og áður segir verður lögð áhersla á við uppsetningu sýninga að fræðslugildi þeirra verði haft í fyrirrúmi. Þá er þó ekki verið eingöngu að tala um hina hefðbundnu fræðslu sem felur í sér miðlun upplýsinga með textum heldur miklu fremur með margs konar margmiðlun og því að höfða til mismunandi skilningarvita gestsins.

### 5.4. Samstarf

Fuglasafn Sigurgeirs leggur mikið upp úr góðu samstarfi við skóla, menningarstofnanir, einkaaðila og Náttúrufræðistofnun. Leitast verður við að miðla afrakstri verkefna á sem fjölbreyttastan máta.



## **6. Rannsóknarstefna**

Rannsóknir á náttúru og lífríki verða aðalega stundaðar í samvinnu við Náttúrurannsóknarstöðina við Mývatn og verður gerður samningur um þær. Aðrar rannsóknir munum við gera eftir bestu getu af eigin frumkvæði og reyna nýta okkur fagþekkingu sem fyrir er í hverjum málaflokki. Þessum rannsóknum verður reynt að sinna eftir efnum og mannskap.

### **6.1. Talning álftra á Neslandavík**

Í samstaffi við Náttúrurannsóknarstöðina verða allar álftrir taldar á Neslandavíkinni einu sinni í viku. Með því að gera þetta í langan tíma fást mikilvægar upplýsingar sem náttúrufræðingar ofl geti nýtt.

### **6.2. Fylgjast með varpi í hólum í Mýatni**

Skrá hvernig varp þróast í Ysthólma, Landhólma, Strók og Slútnesi. Til lengri tíma er fróðlegt að sjá hvort varp minnkar, eykst eða breytist.

### **6.3. Varp Flórigoða**

Reyna skrá og fylgjast með varpi Flórigoða meðfram strönd Mývatns frá Grímsstöðum að Ytri Neslöndum.

### **6.4. Dún og eggjataka**

Rannsóknir hafa verið gerðar á eggjatöku bænda í Vogum, Reynihlíð og Grímsstöðum langt aftur í tíman. Reynt að gera sambærilegar rannsóknir á bæjunum á Neslandartanganum. Einnig gerð athugun á dúntekju á sama svæði.

### **6.5. Sleypnir**

Afla upplýsinga um Sleypni, smíði og sögu og skrá þetta.

### **6.6. Nýting Mývatns**

Skrá hvernig bændur við Mývatn nýttu náttúruauðlindina Mývatn sér til framdráttar í lífsbaráttunni.





## **7. Lokaorð**

Starfsemi Fuglasafns Sigurgeirs er mikilvæg nánasta samfélagi sínu eins og starfsemi safna iðulega er. Safnastefnu þessa skal hafa til hliðsjónar af starfi safnsins, bæði innra starfi sem og því sem sýnilegra er almenningi. Fagleg vinnubrögð og skýrt mörkuð stefna er vænlegust til góðs árangurs og áframhaldandi uppbyggingar safnsins. Þó munu álitamál ætíð koma upp sem og breytingar á samfélagi eða öðru sem gera það að verkum að endurskoðun og gagnrýn hugsun á safnastefnunni skal höfð í fyrirrúmi. Safnastefnuna skal endurskoða í síðasta lagi árið 2012.

Ágúst 2008  
Pétur Bjarni Gíslason



## 7. Lokaorð

Starfsemi Fuglasafns Sigurgeirs er mikilvæg nánasta samfélagi sínu eins og starfsemi safna iðulega er. Safnastefnu þessa skal hafa til hliðsjónar af starfi safnsins, bæði innra starfi sem og því sem sýnilegra er almenningi. Fagleg vinnubrögð og skýrt mörkuð stefna er vænlegust til góðs árangurs og áframhaldandi uppbyggingar safnsins. Þó munu álitamál ætíð koma upp sem og breytingar á samfélagi eða öðru sem gera það að verkum að endurskoðun og gagnrýn hugsun á safnastefnunni skal höfð í fyrirrúmi. Safnastefnuna skal endurskoða í síðasta lagi árið 2012.

Ágúst 2008  
Pétur Bjarni Gíslason

Pétur Bj. Gíslason.

SIGRÍÐUR STEFANSDÓTTIR

Stýjanis Stýjansdóttir  
Alfodís Stefánsdóttir  
Axel Stefánsson